

ingu beðnir um að bjóða sýslumanninum í Norðurmúlasýslu að krefjast lestagjalds þess, sem þannig hefði átt að vera goltið.

1865.  
11. okt.

**87. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um skipti á laxveiðinni í Ytrilaxá og reka á Húnasandi.**

11. okt.

Samkvæmt þegnlegum uppástungum dómsmálastjórnarinnar hefir hans hátign konunginum þóknast 2. þ. m. allramildilegast að leyfa, að taka megi sáttaboði því, sem Ásgeir Einarsson í Ásbjarnarnesi, er nú á jörðina Þingeyra, hefir boðið í skjali því, sem hingað barst með bréfi yðar, herra amtmaður, dags. 30. aprílmán. þ. á.; býðst hann til að afsala sér öllum kröfum til laxveiðinnar í Ytrilaxá, með því móti að hann megi halda allri fjörunni frá Hjaltabakka fjöru vestur að Hópsós, án þess að ríkissjóðurinn gjöri tilkall til hennar, að undanteknu rekaítaki, er Undirfells kirkja á.

Þetta er yður hérmeð kunngjört, herra amtmaður, sjálfum yður til leiðbeiningar og til þess að þér gjörðið þær ráðstafanir, sem þörf er á.

**88. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um borgun fyrir korn, sem Húnvetningum og Skagfirðingum hafði verið lánað.**

12. okt.

Í bréfi dagsettu 30. nóvembermán. 1863 gjörði dómsmálastjórnin yður, herra amtmaður, grein fyrir, hversu mikið þá var búið að borga uppí lán það, 10,483 rdl. 32 sk. að upphæð, er veitt var rentulaust í fjáráukalögum 31. marzmán. 1860 fyrir fjárhagsárið 1859—60 vegna hallæris, er menn óttuðust fyrir í Húnavatnssýslu og Skagafjarðarsýslu. Voruð þér um leið beðnir um að gjöra þær ráðstafanir, er þörf væri á, til þess að það sem eptir stóð af láninu, en það voru 1772 rdl. 38 sk. í